

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Skarðshlíð, 2. áfangi. Vikurskarð 5.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 16. nóvember 2021 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Vikurskarðs 5.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að hæðarkóti inngangshæðar er hækkaður, íbúðum er fjölgað úr þremur í fjórar. Húsið verður tveggja hæða og hámarkshæð til norðurs hækkar.

Skarðshlíð, 3. áfangi. Völuskarð 22.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarráðs 26. janúar 2022 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Völuskarðs 22.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að í stað fjölskylduhúss þar sem heimilt er að byggja 2-3 íbúðir á tveimur hæðum er gert ráð fyrir að byggja parhús á einni hæð með tveimur íbúðum. Hámarks byggingarmagn á lóðinni er minnkað úr 615 m² í 480 m². Grunnflötur byggingarreits stækkar um 65 m².

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 21. febrúar 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir.